

Ár 2010 , miðvikudaginn 26. maí er dómþing áfrýjunardómstóls KSÍ háð á skrifstofu Guðmundur Péturssonar hrl. Borgartúni 33, Reykjavík, af Guðmundi Péturssyni, Jóhannesi Albert Sævarssyni og Guðmundi Þórðarsyni.

Fyrir er tekið:  
Mál nr. 1/2010  
Haukur Þorsteinsson  
gegn  
Aga og úrskurðarnefnd KSÍ.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

### **dómur**

#### **I**

Mál þetta dæma Guðmundur Pétursson, Guðmundur Þórðarson og Jóhannes Albert Sævarsson.

Hinn áfrýjaða úrskurð kvað Aga - og úrskurðarnefnd KSÍ upp þann 4. maí sl. Úrskurðarorð hins áfrýjaða úrskurðar er svohljóðandi:

“ Leikmanninum er því óheimil þátttaka í öllum opinberum mótum innan vébanda KSI frá 4. maí 2010 til og með 3. október 2010 „

Áfrýjandi krefst þess aðallega að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara að áfrýjandi sæti vægustu refsingu sem lög leyfa..

Stefndi krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Samkvæmt gr. 8.2 í reglugerð um áfrýjunardómstól KSI skulu ný gögn ekki lögð fyrir dóminn, né skulu þar fara fram vitna og aðilaskýrslur, en dóminum þó veitt heimild til þess að víkja frá þessum reglum.

Eins og mál þetta er vaxið telur dómurinn að ekki séu efni til þess hér að frá nefndri meginreglu verði vikið.

#### **II**

Helstu málavextir eru þeir að þann 24. apríl 2010 fór fram leikur í Lengjubíkar KSÍ , m.fl. karla á Þróttarvelli í Reykjavík milli Álftaness og KFK og urðu úrslit 2 – 2.

Samkvæmt skýrslu dómara leiksins Magnúsar Þórs Jónssonar gerðist það í kjölfar jöfnunarmarks KFK á 89 mínútu leiksins að áfrýjandi sparkaði í leikmann KFK nr. 2, Ómar Guðmundsson, sem féll við og steig á hnakka hans og sparkaði til hans liggjandi. Þustu leikmenn beggja liða að og í þeim atgangi sló áfrýjandi til annars leikmanns KFK og vék dómurinn áfrýjanda tafarlaust af velli.

Áfrýjandi yfirgaf þá völlinn , en með semingi þó og klæddi sig úr keppnistreyjunni og grýtti henni í völlinn og hreytti einhverjum ónotum að leikmönnum KFK og jafnvel dómaranum, en tekið er fram að orðaskil heyrðust ekki .

Um það bil fjögurra mínútna töf varð á leiknum vegna þessa, en þeir leikmenn KFK sem í átökunum lentu náðu báðir að ljúka leiknum.

Skýrsla dómarans var tekin fyrir á fundi Aga og úrskurðarnefndar KSÍ þann 4. maí sl. og áfrýjandi þar dæmdur í 5 mánaða keppnisbann frá og með 4. Maí 2010 , með stoð í gr. 13.1.5 í reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál, sem heimilar refsingu af því tagi sem hér um ræðir í alvarlegum eða ítrekuðum brotum.

### III

Aðalkröfu sína um ógildingu úrskurðarins styður áfrýjandi m.a. þeim rökum að Aganefndin hafi ekki við meðferð málsins gætt viðurkenndra málsmeðferðarreglna og hafi t.d. aðeins horft til dómarskýrslunnar um málsatvik.

Samkvæmt gr. 6.1. í reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál skal nefndin úrskurða um þau atriði , sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og það hefur nefndin gert í máli þessu, en ekki er fallist á að einhver sérstök rannsóknar eða gagnaöflunarskylda hvíli á nefndinni umfram það.

Í gr. 6.2. í sömu reglugerð eru ákvæði um að leikmaður sem fær brottvísun hafi heimild til athugasemda við brottvísunina innan sólarhrings frá því leik lýkur.

Ágreiningslaust er í máli þessu að það var ekki gert, en ábyrgð á því er alfarið leikmanns þess er hlut á að máli hverju sinni eða félags hans.

Með vísan til ofanritaðs er það niðurstaða áfrýjunardómstólsins að hafna beri aðalkröfu áfrýjanda.

Varakrafa um mildun úrskurðarins er til viðbótar studd þeim rökum að úrskurðurinn sé í ósamræmi við úrskurði í svipuðum málum, að aga og úrskurðarnefndin hafi ekki gætt meðalhófs í málsmeðferðinni og að í afgreiðslu sinni hafi nefndin eingöngu stuðst við skýrslu dómara leiksins.

Ekki verður þó greinargerð áfrýjanda túlkuð á annan hátt en þann að hann viðurkennir a.m.k. í öllum meginatriðum þá atburðarás er leiddi til brottvísunar hans um umræddum leik, en gerir athugasemdir við nánari lýsingar dómarans á atvikinu.

### IV

Að öllu framansögðu er það niðurstaða áfrýjunardómstólsins að fallist er á það með Aga og úrskurðarnefnd KSÍ að háttsemi áfrýjanda í umræddum leik hafi verið með þeim hætti að rétt sé að setja áfrýjanda í tímabundið leikbann með vísan til gr. 13.1.5 í reglugerð Aga og úrskurðarnefndarinnar.

Það er hins vegar skoðun áfrýjunardómstólsins að eins og mál þetta er vaxið að sé rétt að taka varakröfu áfrýjanda til greina og milda refsinguna, sem þykir hæfilega ákveðin tíu vikna keppnisbann frá 4. maí 2010 til og með 13. júlí 2010.

## **Dómsorð**

Haukur Þorsteinsson skal sæta tímabundnu keppnisbanni í 10 vikur samkvæmt gr. 13.1.5 í reglugerð KSÍ um Aga og úrskurðarmál og er því óheimil þátttaka í öllum opinberum mótum innan KSÍ frá 4. maí 2010 til og með 13. júlí 2010.

Guðmundur Pétursson

Guðmundur Þórðarson

Jóhannes Albert Sævarsson